



Umhverfisnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. febrúar 2003  
SP/hó


**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, 404. mál**  
*Tilv:2003010009*

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 7. janúar sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Sem svar við erindinu ítreka Bændasamtökin umsögn sína frá 6. nóvember um þingsályktunartillögu um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, og fylgir ljósrit af því bréfi hér með.

Tekið er undir 1. grein frumvarpsins, en samtökin eru enn sama sinnis varðandi áform um bann við sölu á rjúpum. Annars vegar er það dregið í efa, að sölubann virki og hins vegar lagst gegn því, að verndaraðgerðum sé sérstaklega beint að landeigendum/bændum, sem hafa nýttar af rjúpnaveiðum. Það er engan veginn sjálfsagt eða eðlilegt, að "sportveiðar" eigi að vera rétt hærrí en hlunnindanýttjar bænda.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands,



Sigurgeir Þorgeirsson



AFRIT

Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasvið  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. nóvember 2002

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum.**

*Tilv: 2002100033*


Bændasamtökum Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um aðgerðir til verndunar rjúpnastofninum, 11. mál.

Fyrir liggur að rjúpnastofninn er í sögulegri lægð sbr. skýrslu Ólafs K. Nielsens frá 21. ágúst sl. Undir það hefur fjöldi bænda tekið bæði nú og á undanförunum árum.

Bændasamtök Íslands taka undir nauðsyn þess að minnka veiðiálag á rjúpnastofninn. Samtökin telja æskilegast að setja eða herða reglur, sem takmarka aðgang að bráðinni eða veiðilíkur og herða eftirlit með, að slíkar reglur séu haldnar. Hér er m.a. átt við reglur um skotvopn og hugsanlega friðun ákveðinna svæða s.s. á hálendinu. Rétt virðist að stytta veiðitímann og æskilegast er að komast hjá alfriðun, en þó er þeirri leið ekki hafnað, ef sýnt þykir, að árangri verði ekki náð með öðrum hætti. Samtökin leggjast hins vegar alfarið gegn sölubanni og telja þann kost ekki raunhæfan.

Til frekari fróðleiks er vísað til meðfylgjandi greinar eftir Árna Snæbjörnsson ráðunaut um málenfi, rjúpunnar, sem birt var í Bændablaðinu 15. október sl.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands,



Sigurður Þorgeirsson